

EFTIRLITSSKÝRSLA

Borgarbyggð Meðhöndlun úrgangs í landi Hamars



Dags eftirlits	3.7.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Borgarbyggð	Fulltrúi UST	
Heimili		Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	5106942289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	enginn	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360101,859 451983,822

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi Borgarbyggðar fyrir urðun á óvirkum úrgangi, garðaúrgangi, geymslu á brotajárni og úrgangstimbri rann út 9.7.2012. Við skoðun nú var úrgangur á staðnum, bæði garðaúrgangur og húsdýraskítur og verktaki að störfum á vinnuvélum. Meðhöndlun á úrgangi er leyfis skyld og því óheimil á svæðinu nú. Niðurstöður á mælingum á vatni frá urðunarstaðnum í samræmi við starfsleyfi bárust síðast 2011 og voru sýni tekin og þau mæld 2010.

UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður var skoðaður og farið yfir þau gögn sem fyrir liggja um staðinn, hvað varðar rekstrarstöðvun, ógildingu starfsleyfis og framtíðaráform um notkun svæðisins.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, gr. 7.1 þar sem m.a. segir „Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi,“	Starfsleyfi er útrunnið en starfsemi fer fram á urðunarsvæðinu. Verið var að slétta yfirborð á einum skika. Nokkuð magn af hestaskít og garðaúrgangi var á svæðinu.

ANNAÐ

Skv. bréfum Borgarbyggðar frá haustmánuðum 2012 er ætlunin að endurnýja starfsleyfi til urðunar við Bjarnhóla í landi Hamars og ýmis grunnvinna varðandi skipulagsmál í gangi.

Reykjavík, 17.07.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.